

## Málverkasýning Ólafs Túbals o.fl.

Jón Eyþórsson: Landvörn 7.12. 1950

Úrvalssýning íslenskrar myndlistar er nú stendur yfir í Þjóðminjasafninu nýja hefur vakið talsverða athygli almennings enda hafa dagblöðin ekki brugðist þeirri skyldu sinni að halda henni á loft og vegsama hana. Hefur réttilega verið á það bent, að sýningin væri einskonar þverskurður íslenskrar myndlistar en við það mætti bæta: allt frá hinum miklu meisturum niður í hina lélegustu klessumálara.

Þegar svo mikil tíðindi eru annars vegar, þarf engan að undra þótt ekki blási byrlega fyrir einum sveitamanni að koma með málverkasýningu til höfuðborgarinnar og stofna til sjálfstæðrar sýningar. Á ég þar við sýningu Ólafs Túbals í Múlakoti, en henni lauk síðasta sunnudag í nóvembermánuði. Flest dagblöðin gengu líka þegjandi framhá sýningunni, og enga mynd á þessi futrúi hinnar fögru Hlíðar á úrvalssýningunni, en ókunnugt er mér um ástæðuna. Má vera að það sé hans eigin sök. Hitt er alveg víst, að Túbals er þar alveg hlutgengur og hátt hafinn yfir ýmsa sem þar „skreyta“ veggj.

Óafur Túbals er enn á framfaraskeiði sem málari. Á sýningu hans voru um 50 vatnslita og olíumálverk auk margra smámynda í vatnslitum. Allt voru þetta landslagsmyndir og viðangsefni sótt til flestra landsfjórðunga – nema Vestfjarða.

Af olíumálverkum tók ég sérstaklega eftir Mælifellshnjúk, hugþekkri og svipgóðri mynd, og Morgni í Fljótshlíð, með árröða á Eyjafjallajökli, en lognhljóðu húmi yfir dalnum. Vatnslitamyndir Túbals af Þórsmörk og Merkurjökli með landáttar-dumbung í lofti eru ágætlega gerðar, sannar og yfirlætislausar. Hann hefur málað margt slíkra mynda, of margt kynnu sumir að segja, en hitt ber þó að muna, að blæbrigði þessa svipfagra dalbotns eru ótæmandi. Myndir Túbals frá Múlakoti eru eins og tilbrigði við „Blessuð sértu sveitin mín“ í línunum og litum.

Enda þótt engar bumbur væru barðar né lúðrar þeyttir fyrir sýningu Ólafs Túbals, varð sú raunin á, að furðumargir bæjarbúar lögð leið sína í hinn snotra sýningarsal „Málarans“ í Bankastræti, og um það bil þriðjungur myndanna seldist. Virðist það benda til þess, að borgarbúum hafi geðjast vel sýningin.